

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/1125
komudagur 12.3.2002

Vestur - Eyjafjallahreppur

Heimaland 861 Hvolsvöllur. kt. 69.02.69-1559 sími 487 8900 fax 487 8980

Heimalandi, 11. mars 2002

Nefndarsvið Alþingis
Bt. Landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn sveitarstjórnar Vestur Eyjafjallahrepps um frumvarp til laga um varnir gegn landbroti.

Sveitarstjórn fagnar tilgangi þessa lagafrumvarps þ.e.a. draga úr eða koma í veg fyrir landbrot og annað tjón sem verður gjarnan af ágangi straumvatns.

Sveitarstjórn vill vara við því, sem fram kemur í 8.gr. frumvarpsins og fjallar um kostnað við fyrirhleðslur, að yfirfæra kostnað yfir á sveitarsjóði eða einstaklinga öðruvísi en að með því fylgi nægt fjármagn. Sveitarfélög og einstaklingar hafa ekki bolmagn til þess að bæta á sig þeim aukakostnaði sem óneitanlega fylgir samþykkt þessa frumvarps.

Svo vill til að innan marka Vestur Eyjafjallahrepps og á mörkum hans eru stór vatnsföll sem oft hafa valdið stórtjóni bæði á landi, lífi og limum, tækjum og mannvirkjum. Stærst þessara vatnsfalla er Markarfljót og jökulárnar á Þórsmerkursvæði.


Á fyrri hluta seinustu aldar var unnið markvisst að því að stýra rennsli Markarfljóts sem rann fram að því nánast óheft allt vestur í ósa Þjórsár og austur í Holtsós. Flestir þeirra garða sem þá urðu til voru settir á vesturbakkann einkum til að stýra vatnsrennsli undir hina gömlu brú sem byggð var um 1930. Nokkrir garðar komu þó á austurbakkann. Loforð um meiri varnir austanmegin fylgdi í kjölfarið.

Það var svo um og upp úr miðjum seinasta áratug sem 10 ára framkvæmdaáætlun var gerð um fyrirhleðslur og veitt til þess fé.

Sveitarstjórn fagnar þeirri áætlun og hvetur til þess að henni verði framfylgt og hvetur til þess að flýta heldur framkvæmdum. Samþykkt þessa frumvarps má undir engum kringumstæðum seinka framgangi hennar.

Þá eru ár eins og Holtsá, Miðskálaá, Írá, Seljalandsá, Neðra-Dalsá, Dalsá, Eyvindarholtsá, Merkurá, Álar og margar á Þórsmerkursvæði og á leiðinni þangað sem margar þarfnast fyrirhleðslna og oft hafa valdið búsifjum og stórfelldu tjóni á gróðurlendi.

Fyrir hönd hreppsnefndar Vestur Eyjafjallahrepps
Virðingarfyllst


Sveitarstjóri
Vestur Eyjafjallahrepps
Guðjón Þ. Ásgeirsson, Sveitarstjóri